

Ed.

449. Frumvarp
til almennra viðskiftalaga.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá að eins beita, er ekkert annað er um samið eða verður álitid fólgið í samningi eða leiðir af verzlunar-tizku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Alt, það sem í lögum þessum er ákveðið um kaup, á einnig við um vöruskifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um hluti, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við tiltekna mergð hluta af tilgreindri tegund, heldur einnig átt við kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru (*Parti*).

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um kaupmanna-viðskifti, þá er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í atvinnu þeirra eða í hennar þágu.

Kaupmaður er hver sá talinn, sem hefir atvinnu af því: að láta af hendi vörur, sem hann hefir í því skyni keypt; að reka vixlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun, forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn eða verksmiðju-iðnað; að takast á hendur að reisa hús eða gera önnur mannvirki eða að flytja fólk, muni eða orðsendingar. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga, eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabréf til eða annað sérstakt leyfi, svo framarlega sem ekki vinna aðrir að þeirri atvinnu með honum en konan með manni sínum eða maðurinn með konu sinni, börn atvinnurekanda innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um upphæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að álita það ósanngjarnt.

6. gr.

Nú er í kaupmanna-viðskiftum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki, það fyrsta sem hann fær því við komið, verði því sem tilgreint er í reikningnum, og er hann þá skyldur til að borga það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við að varan farist flyzt yfir á hendur kaupanda eða í hans ábyrgð.

8. gr.

Nú er kaupverð miðað við þunga vöru, og er þá álitíð, að umbúðapungann (*tara*) beri frá að draga.

**Um staðinn, þar sem skila ber af sér inum selda hlut
(afhendingarstaðinn).**

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér inum seldu hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Nú var hluturinn á öðrum stað, en hér var nefnt, á þeim tíma er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðilar um það eða áttu að vita um það, og skal þá álita að hlutnum eigi þar að skila sem hann þá var.

10. gr.

Nú á seljandi að senda inn selda hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, og er þá álitíð, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur farmflytjanda, þess er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn með skipi, þá skal telja honum skilað þá er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kaupúni eða þorpi, og er þá ekki talið, að inum selda hlut sé skilað, fyrri en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samnings.

12. gr.

Nú hefir enginn samningur um það verið gerður, hvenær kaupverð eigi að greiða eða keyptum hlut eigi að skila í hendur kaupanda, og atvik liggja ekki svo til, að af þeim verði ráðið, að þetta skuli gera ið allra bráðasta, og skal þá svo á líta, að andvirði beri að greiða eða hlut að afhenda hvenær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær inum selda hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þessa frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var til tekinn kaupanda í hag.

Um réttinn til að krefjast að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Nú hefir enginn frestur verið gefinn af hvorugs hendi, og er þá seljandi ekki skyldur að láta af hendi inn selda hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis inn selda hlut til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstaðnum, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljandanum ekki að láta vera að senda hlutinn, en hindra má hann það að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um kaupmanna viðskifti að ræða, og er hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, en hleðslu-skirteini það, sem notað er, er svo lagað, að seljandinn missir umráð yfir hlutnum þá er hleðslu-skirteinið er afhent kaupanda, og skal kaupandi þá greiða andvirðið um leið og hann tekur við hleðsluskirteininu samkvæmt reglum þeim sem settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir inn selda hlut.

17. gr.

Hættan á því að inn seldi hlutur farist, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til er hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.).

Nú er það ákveðinn hlutur, sem seldur var, og átti kaupandi að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og er hann á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að borga kaupverðið, þó að svo atvikist að hluturinn farist eða skemmist.

Um arð af inum selda hlut.

18. gr.

Nú ber inn seldi hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla að sá ágóði myndi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem inn seldi hlutur gefur eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema að ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði myndi fyrri til falla.

19. gr.

Nú kaupir maður hlutbréf, og er þá í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutbréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutbréfi, eða hlutbréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Nú kaupir maður skriflega skuldkröfu, sem ber vöxtu, og eru þá í kaupinu vextir, þeir sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending skyldi síðar fram fara en kaup. Ef það sést ekki af tvívikum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða um fram kaupverðið svo mikið fé sem vöxtunum svarar.

Um drátt af seljanda hendi.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki inn selda hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heinta hlutinn eða rifta kaupið.

Nú hafði drátturinn lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, og getur kaupandi þá ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

I kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur álitinn verulegur, nema það sé að eins litill hluti ins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan að eins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig riftað kaup að því er til síðari afhendingar kemur, ef vænta má að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupið í heild sinni, ef það samband er á milli afhendinganna, að það gefi tilefni til þess.

23. gr.

Nú var kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á seljandi þá að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Nú eru seldir hlutir, sem tilteknir eru eftir tegund, og er seljandi þá skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða álíta verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum er alls eigi auðið að efna það sem hann hafði um samið, og má til slikra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af inni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld hindrar efndir, eða aðflutningsbann eða annað því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og ber að svara skaðabótum samkvæmt 23. og 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því sem verð hluta, af sömu tegund og gæðum sem inir seldu hlutir, er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé að annað meira tjón hafi af hlotist. Nú dregur kaupandi ekki að nauðsynjalausu að kaupa aðra hluti í stað þeirra sem kaup var á rift, og kaupir hlutina þar sem viðunanlegur markaður er þeirrar vöru, enda sannar hann, ef hann hefir eigi átt kost á að nota milligöngu brakúns, að hann keypti fyrir það verð, er þá var títt þar á staðnum, og getur seljandi þá eigi neitað því, að verð, það sem kaupandi greiddi, verði álitid verð hlutanna.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en inn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann óski að kaupid haldist.

27. gr.

Nú hefir seld vara verið afhent eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er varan kemur honum í hendur: eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að varan hefir verið síðar afhent, en áskilið var, og verður hann þá, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, að skýra seljanda frá þegar í stað eða án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að koma síðar fram með neina kröfu af því tilefni. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupid, þá verður hann að skýra seljanda frá þessu án óþarfs dráttar; ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, og má þá seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn óverulegur, verður kaupid þó ekki rift. Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það sem selt var þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupid, nema annað hvort sé, að álita verður að hann hafi áskilið sér þennan rétt, eða þá að kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Nú er svo um samið að seljandi afhendi smátt og smátt, en andvirði sé greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá er álita má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu, því er siðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur fyrir koma. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt siðari hluta 28. gr. rift kaupid að því er snertir þá sendingu, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því sem fyrir er mælt í 28. og 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo ákveða, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð vörunnar á þeim tíma, er drátturinn átti sér stað, nema sannað verði að seljandi hafi annað meira tjón af hlotið.

Nú lætur seljandi selja vöruna á þann hátt, er um getur í 25. gr., og getur kaupandi þá eigi mótmælt því, að það verð, er við þá sölu fékst, verði álitid verð vörunnar.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að gjalddagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en inn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að skýra kaupanda frá því án óþarfrar tafar innan sennilegs tíma, hvort sem kaupandi hefir sent honum fyrirspurn um það eða ekki.

32. gr.

Nú er kaupverð greitt of seint eða ráðstöfun, sú sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupid af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því, þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja ins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á

kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á móttökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveislu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki án verulegs kostnaðar eða óþæginda haldið áfram að annast hlutinn, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda aðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Nú er löggiltur brakún, sem fengið hefir vitneskju um tegund sölunnar, látinn selja hana á viðunanlegum stað, þar sem markaður er fyrir þá vöru, eða hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, og getur kaupandi þá ekki mótmælt því verði, sem við söluina fæst. Nú er eigi auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, og er þá seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjamikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. Sé eigi auðið að selja hlutinn skaðlaust á neinn þann hátt, sem þar er sagt, skal selja hann eins og bezt verður.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveislu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Nú er inn seldi hlutur í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að ræða, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyrri en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef gjalddagi er ákveðinn í kaupmannaviðskiftum og andvirði eigi greitt í ákveðna tíð, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga. Nú hefir enginn gjalddagi verið ákveðinn, og á kaupandi þá að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er varan var afhent, eða, hafi kaupandi verið þess valdur að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

I öðrum viðskiftum á kaupandi að svara 5⁰/₀ ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga, hvort sem gjalddagi var ákveðinn eða ekki. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverð var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá móttöku reikningsins, án þess að aðra kröfu þurfi um að gera.

Eldri venja eða lagaákvæði um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfu-hafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

Um það er kaupandi getur eigi borgað.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð eða samningur er hafinn um þvingunar-afslátt við hann, þá er seljanda rétt að halda inum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Nú er afhendingartími kominn, og búíð hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, og má hann þá rifta kaup, ef hann vill.

Þessum ákvæðum skal einnig beita

ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni til að greiða skuld sína, eða hann hefir hætt greiðslum, enda sé hann kaupmaður, eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má að hann geti eigi greitt kaupverðið þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Nú er bú kaupanda tekið til gjaldprotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er inn selda hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, og getur seljandi þá skorað á búíð að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búíð þá ekki yfir því svo fjótt sem auðið er og í síðasta lagi innan þriggja vikna, eða fjöggra vikna, ef um innlend viðskifti er að ræða, eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyrr að höndum, að það vilji í kaupid ganga, þá má seljandi rifta kaupid.

41. gr.

Nú hefir inn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búíð var framselt til gjaldprotameðferðar, en kaupverð eigi greitt, og á seljandi þá rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búíð lýsi yfir því, að það vilji í kaupid ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Nú hefir búíð látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, og er seljanda þá rétt að lita svo á sem búíð hafi gengið í kaupid.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Nú verður að álita það óverulegt, sem að hlutnum er, og á kaupandi þá ekki rétt á að rifta kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú hefir hlutinn, er kaupin gerðust, skort einhverja þá eiginleika, er ætla má að áskildir væru, eða það sem hlutnum er áfátt hefir orðið fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur kaupandi þá krafist skaðabóta.

43. gr.

Nú eru inir seldu hlutir til teknir eftir tegund og er þeim áfátt þá er þeim er skilað, og getur þá kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Nú verður að álita það óverulegt, sem að hlutunum er, og verður þá ekki kaup rift né annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það sem áfátt var svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það sem að söluhlutunum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir ákvæðum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Þá er úr því skal skera, hvort söluhlut sé áfátt, þá verður að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því að eins að vanhírðu seljanda sé um að kenna það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir ákvæðum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi ina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkv. 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því sem eftir er að afhenda, ef við má búast að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift allt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Nú hefir kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrir farast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, og getur hann þá ekki borið fyrir sig neina þá galla

á söluhlutum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Nú er hlutur seldur á uppboði, og getur kaupandi þá ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var táknaður með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr því sem að er inum selda hlut eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að biða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Ákvæði þessi hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Ákvæði laga þessara, um það er söluhlutur er áfátt eða hann gallaður, eiga einnig við að sinu leyti þá er mergð og stærð eða þungi þess sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því visu, að ætlast sé til að það sem afhent er, séu fullar efndir þess sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um kaupmanna-viðskifti að ræða, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða tilraunarsýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara, og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að aunnast hlutinn samkv. 56. gr.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að söluhlutur er ábótavant og vill kaupandi bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann ekki síðar borið það fyrir sig, að hlutum hafi áfátt verið.

Nú vill kaupandi rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra sem hann hefir fengið, og skal hann þá skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar, missi ella rétt sinn til þess að hafna hlutum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vitaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fekk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því til efni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn langan tíma eða hafi haft svik í frammi.

**Ákvæði um það, er sölumunum er neitað viðtöku,
og um rifting kaup.**

55. gr.

Nú hefir kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, og er hann þá skyldur að annast um hlutinn, en krafð getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveislu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveislu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi hleðslu-skirteinis (*konossement*) eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörzlur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Nú hefir kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, og eiga þá við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í er hann tók við því.

Nú rifting kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum, þeim er honum ber, eða setur nægilega tryggingu fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupíð, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Nú er hlutur keyptur til reynslu eður með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupíð er fullgert, og hefir hluturinn verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fast ákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Nú er slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, og missir þá tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Slíkt ið sama á við um tilkynningar frá seljanda, þær er um er rætt í 31. og 32. gr.

Um það, hvað ýmis söluskilyrði skuli merkja.

62. gr.

Nú er varningur seldur »fritt á skipsfjöl« (fob) á tilteknum stað, og verður þá kaupandi að hafa þar til skip eða áskilið skipsrúm til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, sem lög áskilja á þeim stað eða viðskiftatizka er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Nú hefir kaupandi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, og leiðir þó ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er kominn á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Sé ekki öðruvís um samið, er kaupandi skyldur að greiða andvirði gegn móttöku hleðslu-skirteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

63 gr.

Nú er varningur seldur »flutnings-fritt« (Cost and freight, c & f, c f). og skal þá seljandi kosta sendingu hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur farmflytjanda eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku hleðslu-skirteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þó að andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til kaupanda, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess þó að reikna sér vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur »cif« (cost, insurance, freight) eða »caf« (coût, assurance fret), og gilda þá ákvæðin í næstu grein hér á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega váttryggingu fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta vegar eða tíma, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Nú lætur

seljandi hjá liða að vátryggja þannig varninginn, enda er kaup þó eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhvirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur »afhentur« eða »fritt« (franko) á tiltekinn stað, og er varningurinn þá ekki talinn afhentur fyrri en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sendingu varningsins þangað og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið »afhent« notað í sambandi við »flutningsfritt« »c og f« »cf«, »cif« eða »caf«, þá hefir merking orðsins »afhent« engin áhrif á téð sölu-skilyrði.

66. gr.

Nú er varningur keyptur með þeim ákvæðum, er nokkurt svigrúm gefa um mergð hans, þyngd eða stærð t. d. »cirka«, »frá—til« eða því um líkt, og er þá seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að ræða, ella 5%.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Nú er svo tilskilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða »í lok« (»ultimo«) mánaðar, og er það þá að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, þýðir »primo« fyrsta sýknan dag í mánuði,

»medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta sýknan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo« síðasta sýknan dag í mánuði.

69. gr.

Nú hefir seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning innan ákveðins frests, og skal þá álíta að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, innan þess tíma.

Nú er hleðsluskirteini gerð um sendinguna, og ber hún ekki með sér að varan hafi afhent verið á réttum tíma, og getur þá kaupandi hafnað vörinni.

70. gr.

Nú er áskilin »borgun út í hönd«, og er þá kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til viðtöku (sbr. 14. og 15. gr.).

71. gr.

Nú hefir kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við móttöku hleðsluskirteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðsluskirteini, og má hann þá ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er borgunar eða vixilsamþykkis er krafist gegn afhendingu hleðsluskirteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að váttryggja varninginn, verður váttryggingarskirteini að fylgja hleðsluskirteini.

Það sem hér er ákveðið, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks hleðsluskirteinis, sem um er getið í 16. gr.